

Meðferð málsins í lögregluréttinum hefur verið vítalaus og sókn í því og vörn fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó þannig að sektin sé 50 kr. Kærði Guðmundur Sigurðsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin máflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claesen, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. október 1919.

Nr. 43/1919:

Valdstjórnin

gegn

Hafiða Jónssyni.

D ó m u r:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 12. júní þ. á. var Hafiði Jónsson, til heimilis á Norðurstíg 5 hér í bænum, dæmdur í 60 kr. sekt til bæjar-sjóðs Reykjavíkur og málskostnað allan fyrir brot á

lögreglusamþykkt kaupstaðarins, og er dómi þessum, að ósk kærða, skotið til yfirdómsins.

Kærða er gefið það að sök, að hann hafi sézt drukkinn á almannafæri og þannig orðið brotlegur gegn 8. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, staðfestrar 19. apríl þ. á. Um þetta hefur lögregluþjónn vottað, að hann hafi verið kvaddur til að taka drukkinn mann út af Hotel Ísland 14. maí þ. á. og hafi sá maður verið kærði. Annar lögregluþjónn hefur skýrt frá, að kærði hafi 18. s. m. orðið á leið sinni á Laugavegi svo drukkinn, að hann hafi átt erfitt með að ganga, og reikað, svo fólk staðnæmdist til að horfa á hann, en ekki hafi hann haft háreysti eða drykkjulæti og hefur kærði kannast við að hafa verið drukkinn við umrædd tækifæri.

Í áminstri grein lögreglusamþykktarinnar er það talið hneykslanleg hegðun að sjást drukkinn á almannafæri og lögð við því sekt, ekki lægri en 50 kr. Virðist kærði eigi komast hjá því að verða dæmdur samkvæmt þessu ákvæði, og þykir sektin hæfilega ákveðin í hjeraðsdómnum 60 kr. og ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber kærða og að greiða, þar með talin málfutningslaun til sækjenda og verjanda við yfirdóminn 15 kr. til hvors.

Meðferð málsins í lögregluréttinum hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærði Hafliði Jónsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. október 1919.

Nr. 44/1919:

Valdstjórnin
gegn
Karli Ólafssyni

D ó m u r :

Með lögregluglupingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 12. júní þ. á., var Karl Ólafsson til heimilis í Nýborg í Kaplaskjólí, dæmdur í 50 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og málskostnað allan fyrir brot á lög-reglusamþykkt kaupstaðarins, og er þessum dómi að ósk kærða skotið til yfirdómsins.

Kærða er gefið það að sök, að hann hafi kveldið 14. maí þ. á. verið drukkinn á almannafæri hér í bænum, og þannig orðið brotlegur gegn 8. gr. lög-reglusamþykktar Reykjavíkur, staðfestar 19. apríl þ. á., en það er í þessari grein talin hneykslanleg